

Nd.

213. Breytingartillögur

[119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „framleiðslu freðfisks“ komi: fiskframleiðslu.
 - b. Við greinina bætist:

Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem bafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu hafa.
2. Við 2. gr.
 - a. Við 1. málsg. bætist:

Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.
 - b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að setja þau skilyrði fyrir greiðslu styrks til togara samkvæmt þessari grein, að samningar hafi tekizt um sanngjarna hækkun á kaupum togarasjómannanna.
 - c. Aftan við greinina bætist:

Fiskverð það, sem ákveðið var af oddamanni yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins með úrskurði þann 20. janúar 1964, skal hækka um 15%, og gildir sú hækkun frá 1. janúar 1964.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað „4,2%“ í 1. tölulið 1. málsg. komi: 2,4%.
 - b. Í 4. málsg. breytist tölurnar þannig:

73,4 %	verði	68 %.
17,2 %	—	21 %.
5,9 %	—	7 %.
1,53%	—	1,8%.
1,17%	—	1,3%.
0,8 %	—	0,9%.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. febrúar 1964 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim lánum eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.

Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.

Frá 1. febrúar 1964 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og spari-sjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febrúar 1960 voru sett.
5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
 - c. Ríkisstjórnin skal strax að lögum þessum samþykktum skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma togarátgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.